



Dags. 25.11.2020

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Félags sjúkrálfara um tillögu til þingsályktunar um úttekt á heilsutengdum forvörnum eldra fólks.

151. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal 47 — 47. mál.

Félag sjúkrálfara fagnar heilshugar framkominni þingsályktunartillögu og tekur undir þau sjónarmið sem þar koma fram. Frá upphafi félagsins, á fyrri hluta síðustu aldar, hafa sjúkrálfarar talað fyrir hreyfingu og heilsueflingu í forvarnarskyni, oft fyrir daufum eyrum. Því er að fagnaðarefni að yfirvöld vilji nú gera úttekt á heilsutengdum forvörnum eldra fólks og vill Félag sjúkrálfara fá að nefna nokkur atriði í því samhengi.

Hreyfing sem forvörn, heilsuefling og meðferð við vægum kvillum á efri árum

Mikilvægt er að eldri borgarar hafi greiðan aðgang að heilsurækt. Almenn heilsurækt fyrir eldri borgara er öllu jöfnu veitt af einkaaðilum, oft af sjálfsprottinu starfi og þótt ekkert sé athugavert við heilsuræktina sem slíka, er utanumhaldið gjarnan ómarkvisst, óreiðukennt og háð þeim einstaklingum sem veita þjónustuna. Falli hreyfitalboð niður er ekkert sem tryggir að annað komi í staðinn. Þarna væri ráð að sveitarfélög stæðu fyrir samþættingu og skipulagi þjónustunnar, þótt hún geti áfram verið framkvæmd af einkaaðilum. Hreyfiseðill, sem veittur er af heilsugæslu og í umsjá sjúkrálfara er ávísun á markvissa hreyfingu skv. vísindalegum ráðleggingum og er stórkostlegt tækifæri til að nýta betur í þessa þágu.

Sjúkrálfun þegar aldursbundin hrörnun og/eða heilsufarsvandkvæði eiga sér stað

Greiður aðgangur að meðferð og þjálfun sjúkrálfara er gríðarlega mikilvægur þegar árin færast yfir. Allar rannsóknir sýna óumdeilanlega ávinning þess að hreyfa sig og þjálfra alla ævi, burtséð frá líkamsburðum og færni. Aukin færni og/eða viðhald færni er annar mikilvægur þáttur í meðferð sjúkrálfara og stuðlar að færni til sjálfsþjargar svo munað getur mörgum árum.



Eldri borgarar hafa hingað til haft nokkuð greiðan aðgang að almennri sjúkráþjálfun sem veitt er á stofum sjúkráþjálfara skv. samningi við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ). En nú eru blikur á lofti vegna krafna SÍ um breytt fyrirkomulag, sem þó hafa ekki verið kynntar sjúkráþjálfurum að fullu. Annars vegar er rætt um að takmarka kaup SÍ á þjónustu sjúkráþjálfara og hins vegar að vegna hugsanlegra breytinga verði þjónusta sjúkráþjálfara út frá hjúkrunarheimilum í uppnámi. Afstýra þarf slíku uppnámi og tryggja samfellu þeirrar þjónustu.

Sjúkráþjálfun í heimahúsum til að seinka eða forða flutningi á hjúkrunarheimili

Sjúkráþjálfarar hafa sinnt heimaþjónustu um margra ára skeið við góðan orðstýr. Í flestum tilfellum eru þeir sjálfstætt starfandi en í góðu sambandi við heimahjúkrun og aðra velferðarþjónustuaðila. Þessa þjónustu þarf að stórefla til að auka líkur á sjálfstæðri búsetu. Einn þáttur í því er að gera það eftirsóknarvert að sinna þjónustu af þessu tagi, en hún er oft erfið og snúin og þarf að umbunast í góðum launum. Slíkt margborgar sig því eins og bent er á í þingsályktunartillögunni þá er fjárhagslegur ávinningur af því að gera fólki kleift að búa heima gríðarlegur og þá er ekki reiknað inn í dæmið hinn persónulegi ávinningur fólks af því að geta verið heima.

Endurhæfingarinnlagnir

Mikilvægt að efla endurhæfingarúrræði fyrir aldraða til að auka líkur á sjálfstæðri búsetu. Rétt er að benda á að skynsamlegt sé að láta endurhæfingarinnlagnir koma alfarið í stað svokallaðra „hvíldarinnlagna“, þar sem öll þjónusta er í lágmarki og því miður dæmi þess að fólk komi heim verr á sig komið eftir slíka dvöl. Best væri að hafa ekki tímaramma á endurhæfingarinnlögn heldur að fagfólkið ákveði hvenær viðkomandi er reiðubúinn til að fara heim.

Fjarheilbrigðisþjónusta

Eftirfylgni og langvarandi meðferðarsamband er mikilvægt þegar um eldri borgara er að ræða og í fjarheilbrigðisþjónustu við þennan hóp eru gríðarlegir möguleikar. Ávinningur þess að geta fylgt eftir skjólstæðingi eftir t.d. liðskiptaaðgerð, eða skjólstæðingi með langvinna lungateppu er óumdeilanleg. Núverandi gjaldskrá SÍ er varðar fjarsjúkráþjálfun tekur því miður fyrst og fremst til bráðameðferðar sökum núverandi Covid-19 ástands, en þarna eru mikil tækifæri til að gera betur og opna á nýja víddir í heilbrigðisþjónustu, sem bæði eru ódýrar og aðgengilegar.



Réttilega er bent á að líkamleg hreyfing og virkni er gríðarlega mikil forvörn gegn fjölmörgum kvillum og veitir góða almenna heilsubót. Sjúkraþjálfarar vilja þó einnig benda á mikilvægi andlegrar heilsu, sem og mikilvægi daglegar iðju og virkni og vilja benda á að sálfræðingar og iðjuþjálfar eru einnig mikilvægir aðilar í þessu samhengi og þessar stéttir vinna gjarnan afar vel saman að velferð borgaranna.

Félag sjúkraþjálfara lýsir sig reiðubúið til að koma að vinnu við greiningu, úttekt og endurskoðun heilsueflingarúrræða fyrir eldri borgara, sé þess óskað.

Fh. Félags sjúkraþjálfara
Unnur Pétursdóttir
Formaður